

## **10. fundur Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótisdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn þriðjudaginn 11. mars 2019 á bæjarskrifstofu Fljótisdalshéraði, Lyngási 12.**

**Fundurinn hófst kl. 14:00.**

Björn Ingimarsson, Steinar Þorsteinsson, Gunnar Jónsson, Jakob Sigurðsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Þorbjörg Sandholt, Kári Snær Valtingoer, Ásdís H. Bendiksdóttir, Vilhjálmur Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Elvar Snær Kristjánsson, Bergþóra Birgisdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson. Einnig Róbert Ragnarsson og Páll Björgvin Guðmundsson frá RR-ráðgjöf sem rituðu fundargerð.

Björn bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

### **1. Fundargerð síðasta fundar.**

Lögð fram fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir og telst fundargerðin samþykkt.

### **2. Kynning og almannatengsl.**

Yfirferð á heimasíðu verkefnisins. Boðið er upp á að efni heimasíðunnar sé þýtt yfir á pólsku og ensku í gegnum GoogleTranslate, þó þýðingin sé ekki fullkomin þá nær hún megininntaki efnis á vefnum og tilgangi verkefnisins. Samstarfsnefnd er sammála um að sú þýðing sé fullnægjandi fyrir markmið verkefnisins og ekki þörf á að verja fé til þýðinga á öllu efni síðunnar. Hins vegar sé mikilvægt að kynningarefni fyrir íbúafundi og atkvæðagreiðslu verði líka aðgengilegt á ensku. Verkefnisstjórar kölluðu eftir ábendingum frá fundarmönnum um efni og fréttum sem setja mætti á heimasíðuna.

Fleira varðandi þennan dagskrárlið verður farið yfir síðar m.a. það sem snýr að kynningum vegna íbúafunda.

### **3. Starfshópar.**

Ráðgjafar fóru yfir þá fundi sem haldnir voru með formönnum starfshópa fyrr sama dag. Almennar umræður um verkefni. Farið var yfir niðurstöður frá fundum starfshópa en vinna þeirra er nú langt komin.

Vinna þarf áfram með ákveðna þætti s.s. er varðar viðhaldsáætlanir í starfshópnum um eignir-veitur og b-hlutafyrirtæki. Farið yfir þær fjármálagreiningar sem nú liggja fyrir sem og hugmyndir að stjórnskipulagi fyrir sameinað sveitarfélag. Starfshópur um fjármál og stjórnsýslu leggur áherslu að skipulagið byggi á einfaldri og skilvirkri stjórnsýslu. Þá var farið yfir vinnu í fræðslu-, félags- og menningarmálum en sú vinna hefur gengið mjög vel. Að lokum var farið yfir vinnu starfshóps um skipulags- og umhverfismál ásamt íprótta- og tómsundamálum.

Fundarmenn hvattir til að fara vel yfir minnisblöð starfshópa en umfjöllun um efnið verður haldið áfram á næstu fundum. Ráðgjafar munu taka saman efni sem kynnt verður á þeim íbúafundum sem haldnir verða í apríl.

#### **4. Fundir með ráðherra og þingflokkum**

Formaður fór yfir fundi sem haldnir voru með þingflokkum stjórnámálflokka á Alþingi 21. og 22. febrúar sl. Einnig fund með ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála 22. febrúar s.l. Á fundunum var farið yfir þá vinnu og verkefni sem í gangi eru. Almennt voru góðar umræður um málefni og mikilvægt fyrir hópinn að fá að kynna þá vinnu sem í gangi er til að auka skilning og þekkingu þingmanna og ráðherra á þeim verkefnum sem framundan eru. Þá var rædd nauðsyn þess að koma á samstarfi og samráði við stjórnvöld sem yrði til hagsbóta fyrir sameiningarferlið og þau verkefni sem unnin verða á þessum vettvangi í framtíðinni.

Verði boðað til samráðs verða fulltrúar samráðsnefndar Björn Ingimarsson og Hildur Þórisdóttir ásamt verkefnisstjóra.

Þá var fundað með Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttir um Kara connect sem býður öruggan og notendavænan vefhugbúnað sem gerir sérfræðingum í heilbrigðis- og menntageiranum kleift að veita þjónustu í gegnum netið.

#### **5. Skipulag íbúafunda**

Íbúafundir verða haldnir 1. – 4 apríl n.k í hverju sveitarfélagi sem að sameiningaviðræðunum koma. Farið yfir skipulag og fyrirkomulag fundanna m.a. hugbúnað til að vinna með þá sem umræðu sem fram fer. Farið verður yfir endanlegt efni sem kynnt verður á fundunum sem og endanlegt fyrirkomulag á fundi samstarfsnefndar 25.mars n.k.

Samþykkt að fá Elínu Elísabetu myndlistarkonu til þess að gera teikningar af íbúafundum. Verkefnisstjóra falið að ganga til samninga við hana.

Tímasetningar funda verða eftirfarandi.

1. apríl Borgarfjörður Eystri kl: 18-21.
2. apríl Seyðisfjörður kl: 18-21.
3. apríl Djúpvogur kl: 18-21.
4. apríl Fljótshálsa kl: 18-21.

Fundirnir verða auglýstir í miðlum á svæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl:17:10.

Páll Björgvin Guðmundsson og Róbert Ragnarsson rita fundargerð.